


VÍSIR SPYR

Hvernig fer leikurinn Valur: Magdeburg í kvöld í Evrópukeppni bikarhafa?



Gunnar Finnsson, nemi: „Ég segi að hann fari 1:0 fyrir Val. Ég ætla að sjá leikinn ef ég get vegna skólans.“



Gunnar S. nemi: „Ég held að þeir í Magdeburg hljóti að vinna. Þeir eru miklu betri. Leikurinn fer 2:1 fyrir þá.“



Stefán P. Stefánsson, hástökkv-
ari: „Valsmenn hafa kannski
smá séns og ég spái þeim sigri
hér heima 1:0. Útileikurinn
verður hins vegar erfiðari. Þar
tapa þeir 3 til 4 eitt og komast
ekki áfram.“



Þorsteinn Ólafsson, verkamaður:
„Það er nú ekki gott að segja.
Ætli maður segi ekki bara jafn-
tefli 1:1. Og svo vona ég bara að
þeim gangi vel úti.“




Kári Halldórsson, vaktmaður:
„Ég fylgist ekki með knatt-
spyrnu. Þar af leiðir að ég hef
enga sköpun á þessu. Ég vissi
ekki einu sinni að þeir ættu að
leika á morgun.“

„HITAVEITAN ER LANGSTÆRSTA VERKEFNIÐ“

— segir Helgi Bergs, bæjarstjóri á Akureyri

„Af einstökum verkefnum er það hitaveitan sem er langstærsta viðfangsefnið í dag. Við reiknum með því að 50% af húsum á Akureyri eigi möguleika á tengingu í vetur“, sagði Helgi Bergs bæjarstjóri á



Helgi Bergs, bæjarstjóri á Akureyri. MYND: GVA

Akureyri er rætt var við hann um hvað væri helst að gerast.

„Við ætlum okkur að ljúka framkvæmdum við dreifikerfið á næstu tveimur árum.“

Aðspurður sagði Helgi að alltaf væri mikið byggt á Akureyri og ætlunin væri að reisa nýtt hverfi fyrir norðan og vestan núverandi byggð í Glerárhverfi. „Það er þegar búið að samþykka hluta af skipulaginu fyrir þetta svæði. Þetta verður væntanlega um 3000 manna byggð. Gatnagerð er að ljúka við þær íbúðargötur, sem þegar hafa verið samþykktar“. Helgi sagði að atvinnuástand væri og hefði verið gott. „Ullariðnaðurinn hefur að vísu átt við mikla erfiðleika að stríða að undanförunu. Það hefur hins vegar engu fyrirtæki verið lokað. Eitthvað munu þó verksmíðjurnar hafa haldið að sér höndum í sambandi við manna-ráðningar.“

Aðspurður sagði Helgi að nú væri verið að vinna að skipulagi miðbæjarins. „Ég vænti þess að það verði samþykkt í vetur. Á næstu tveimur árum er fyrirhugað að leggja hitaveitu í miðbæinn og þá væri mjög æskilegt að skipulagið lægi ljóst fyrir þannig að unnt væri að vinna þetta á hagkvæman hátt. Í kjölfar þess að skipulagið verði samþykkt koma ýmsar framkvæmdir.“

—BA—



Sífelldar breytingar verða á svip Akureyrarbæjar þar sem ný hverfi bætast stöðugt við í þessum höfuðstað Norðurlands.

Svo mælir Svarthöfði

HAUSTFUGLAR ERU FLOGNIR Í GARÐ

Þá eru haustfuglarnir komnir á kreik, sem ólíkt öðrum fuglum hafa sig mest í frammi að sumarlokum. SEPTEM-sýningin í Norræna húsinu og sýning Orlygs á Kjarvalsstöðum voru opnabær um síðustu helgi, og notaði fólkið góða veðrið á sunnudaginn til að sjá af-raksturinn af erfiðinu, en eins og einhver góður maður sagði, þá er listin 99% vinna og 1% hugljómun. Hvað sýningu Orlygs viðvíkur ætti betur við að segja að formúlan væri 69% vinna, 30% vino rosso og svo þetta eina prósent, sem hengt er utan á ósköpin.

Sýning stefnumanna í Norræna húsinu er um margt falleg og áhrifamikil sýning. Orkar varla tvímælís að þeir Þorvaldur Skúlason og Karl Kvaran bera af á sýningunni, en hinir kunna eitthvað að gjalda þess sumir hverjir, að þeir eru að reyna að finna milliveg innan hins uppleysta forms fyrir-mynda og líkinda og lenda með helming á himnum og helming á jörð. Yfirburðir hinna ákveðnu stefnumanna eru augljósir, þegar verkum þeirra er bildað innanum hálf-figurativar myndir. Kannski hefur þetta alltaf verið spurningin um annað hvort eða. Hvað sem þessu líður þá er gaman að koma á sýninguna í Norræna húsinu og sjá þau þróttmiklu og fönður-lausu handtök sem menn hafa þar á listinni.

Sýning Orlygs á Kjarvalsstöð-

um stendur eflaust mikið nær fólki, enda er hún figurativ í besta lagi — örlygsk með þeim dæmum, að þar verður engum blandað saman við. Örlygur varð snemma afburðamaður við tvennt, að nota munninn og

ari hafði af nasistateppinu, sem Örlygur teiknaði eitt sinn fyrir kosningar yfir þau Brynleif Tóbiasson og Elisabetu Eiríksdóttur og átti að lýsa einhverju samkrulli í pólitíkinni. Kortíð var selt á eina krónu tuttugu og

á Kjarvalsstöðum ber þess mikinn keim, að Örlygi lætur enn vel að segja sögu í mynd af einstöku mönnum, og eflaust er þaðan spröttin ástæðan fyrir þeim mikla mannamyndafjölda sem Örlygur hefur gert, og sumar hverjar eru alveg frábærar, enda ekkert sparad til að velta sálinni út í svipbrögðum augnabliksins.

Teikningar hans munu eflaust þykja öllu forvitnilegri en málverkin. Þó er það ánægjuefni, að þau eru orðin hjartari en þau voru, kannski vegna þess að þrátt fyrir allt er Örlygur tekinn að eldast, en þá vilja litir fara að lýsast, þótt ekki verði vísindalegar forsendur þess raktar frekar. Í teikningum fer hann á kostum, sem eru alveg hreinnar örlygskrar ættar. Á konurnar í Suður-Frans horfir hann eins og við hinir sem hreinræktabur „male chauvinist pig“, og bregður jafnvel fyrir sig þeirri Hitchcock-adferð að vera að kyssa eina þeirra í aftursæti á Peugeot, svona til staðfestingar á því að hann hafi verið á staðnum í eigin persónu. Já, Örlygur hefur svo sannarlega verið á staðnum okkur til uppörfunar hinum, sem stundum missum af allri kátnunni. Það er einna helst ef menn eiga afmæli, að þeim finnst syrta í állinn. Öðru máli gegnir um minningar-greinar. Þær getur Örlygur skrifað af sinni sérkennilegu hjartahlýju, enda er þá enginn um eftirmálin. Svarthöfði



nota pensilinn. Akureyri bók-staflega skalf og nötraði, þegar þessi sonur skólameistara brá undir sig betri fátinum og gerði ýmiskonar huglæga og efnis-læga úttekt á margháttaðu borgaraslekti. Og minnisstæður er hávaðinn og angríð sem hinn gamli og grandvari skólameist-

fimm og var rifid út.

Og enn sækir Örlygur fyrir-myndir sínar til Akureyrar milli þess sem hann er á Grænlandi eða í Suður-Frans að gjóa aug-unum upp á strandmeyjar og Cézanne hinn eyralausa, að svo miklu leyti sem einhver lýkt er eftir í vinnustofu hans. Sýningin